



Alþingi
Nefndasvið
Austurstæti 8-10
101 Reykjavík

nefndasvid@althingi.is

31 janúar 2021

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um hálandisþjóðgarð (369. mál)

Í frumvarpi til laga um hálandisþjóðgarð er lagt til að ráðherra verði heimilt að friðlýsa landsvæði á miðhálandinu sem þjóðgarð (Hálandisþjóðgarður) sem mun ná yfir um 30% af flatarmáli landsins, eða um 30.000 ferkílómetra svæðis.

Markmið frumvarpsins er að vernda náttúru og sögu þjóðgarðsins, svo sem landslag, víðerni, lífríki, jarðmyndanir og menningarminjar og tryggja tilvist heildstæðra vistkerfa og náttúrulegra ferla; að gefa almenningi kost á að kynnast og njóta náttúru, menningar og sögu þjóðgarðsins.

Snæland Grímsson ehf vill koma á framfæri við umhverfis- og samgöngunefnd og aðrar nefndir og aðila sem að málinu koma eftirfarandi athugasemd:

Við hjá Snæland erum sammála markmiði frumvarpsins að vernda náttúru landsins, enda fjöregg ferðapjónustu á Íslandi.

Við óttast að hálandisþjóðgarðurinn verði þunglamlegt, dýrt skrifræðis og eftirlitsbákn sem setur skoður við ferðapjónustu og atvinnustarfsemi á öllu hálandinu með tiheyrandi kostnaði, íþyngjandi kröfum og lokunum svæða án allrar samvinnu og rökstuðnings.

Við teljum að árlegur rekstrarkostnaður þjóðgarðsins sér verulega vanáætlaður og gera megí ráð fyrir að reynt verði að ná í tekjur til rekstarar með íþyngjandi gjöldum og ýmiskonar leyfissölu auk annars ófyrirséðs kostnaðar sem lagður verður á ferðapjónustuaðila, sem mega síst við því núna í þessu árferði.

Við telum að stofnun hálandisþjóðgarðs sé algjörlega ótímabær og að engin slík neyð sé í náttúruvernd á hálandinu sem kalli á svona gríðarstóran þjóðgarð og allt of margar eyður séu í frumvarpinu þegar kemur að útskýringu á kostnaði og leyfum fyrir ferðapjónustuaðila til að starfa innan þessa stærsta þjóðgarðs Evrópu.

Virðingarfyllt

Fh. Snæland Grímsson ehf
Hallgrímur Lárusson

Framkvæmdastjóri og eigandi